

Dyspraxía – erfiðleikar með skipulag, áttir og tímastjórnun.

Nemendur með dyslexíu eiga oft í erfiðleikum með tímastjórnun, tímahugtök og áttun. Þetta er stundum kallað dyspraxía og getur einkennt fólk án þess að það sé með dyslexíu.

Stefnu- og áttaskyn

Margir lesblindir eiga alla sína ævi í erfiðleikum með ýmis konar stefnuskyrn

- **Landafræðilegar áttir:** rugla saman norður, suður, austur og vestur; eiga erfitt með að lesa kort eða fara eftir þeim; eru stöðugt að villast á nýjum stöðum (líka þar sem þeir eru oft, eins og í skólanum).
- **Stefnuhugtök:** Lesblindir eiga erfitt með að læra (eða muna) merkingu orða eins og hægri/vinstri, upp/niður, yfir/undir, á undan/á eftir, fyrir framan/fyrir aftan, austur/vestur.
- **Hægri/vinstri ruglingur kemur fram í skrift og í stærðfræði.**

Skrift: Lesblindir eiga erfitt með að muna hvar byrja á á stafnum og í hvaða átt á að skrifa hann. Á boginn á b að fara í þessa átt) eða þessa (? Í hvaða átt á halinn á g að fara? Á s að byrja hér og á svo að fara til hægri eða til vinstri? Í hvaða átt er eiginlega vinstri?

Raðvinnsla – að vinna í fyrirfram ákveðinni röð við verkefni

Það getur verið erfitt fyrir alla að læra að vinna verkefni í fyrirfram ákveðinni röð athafna. Þetta er sérstaklega erfitt fyrir flesta lesblinda.

- **Binda skóreimar:** Við þetta verkefni á ekki bara að gera eitthvað í ákveðinni röð (fyrst svona og svo svona) heldur á einnig að vinna verkefnið ýmist til hægri eða vinstri. Margir lesblindir ná ekki fullkomnu valdi á að reima skó sína fyrir en á unglingsárunum.

- Skrifa hástafi með bogadreginni skrift, þ.e. tengiskrift: Flesta bókstafi þarf að skrifa í áföngum (þ.e. fyrst gera þessa línu svo þessa) t.d. \mathcal{B} og \mathcal{K} , það þarf einnig að draga línurnar í ákveðna átt.
- Að leysa langa jöfnu og önnur flókin stærðfræðidæmi: Til að ljúka því verki þarf að gera eitthvað ákveðið í ákveðinni röð og það verður að vinna með tölurnar í réttri röð til að geta leyst dæmið.
- Vélritun – læra á lyklaborð tölvu: Það er mjög mikilvægt að lesblindir noti tölvu til að skrifa, sérstaklega þeir sem eru með dysgraphíu. Það er þó yfirleitt erfitt og tímafrekt fyrir lesblinda að læra á lyklaborðið. Þar sem stafirnir eru staðsettir tilviljunarkennt á lyklaborðinu er ekki hægt að nota einhver rök til að muna uppröðun þeirra. Þegar slá á hástaf (stóran staf) þá reynir bæði á áttun og raðvinnslu. Til að slá stafinn H þá þarf að finna út hvora höndina á að nota (hægri hönd). Áður en slegið er á stafinn H þarf að halda niðri *shift* takkanum, slá á stafinn með hægri hendi og síðan sleppa *shift*. Flestir lesblindir geta ekki lært að vélrita af sjálfsdáðum heldur þurfa nákvæma kennslu og mikla þjálfun. Margir lesblindir koma sér þó upp eigin tækni við að skrifa á tölvur en það er ekki víst að það sé besta leiðin.

Tímahugtök og tímastjórnun

Lesblindir eiga oft erfitt með að stjórna tíma sínum og nota tímahugtök rétt. Þeir eiga oft erfitt með að:

- Læra á klukku með vísun (erfiðleikar með stefnuskygn gera þetta einnig erfitt, þ.e. í hvora áttina hreyfast vísarnir?) Erfiðleikar í stærðfræði hafa einnig áhrif, t.d. þú átt að vera komin(n) heim korter í tólf. Þú verður að kunna brot, vita að korter merkir $\frac{1}{4}$ og $\frac{1}{4}$ hluti klukkustundar er 15 mínútur. Í merkir hér sama og fyrir, sem er stefnuhugtak, og hvort þýðir það þá að stóri vísirinn bendi á 9 eða 3?
- Muna mánuði ársins í réttri röð. Þeir sem hafa ekki lært það mistúlka oft dagsetningu eins og 15.07.05, og því heldur sem á ensku er röðin yfirleitt 07.15.05

- Áætla hvað verk tekur langan tíma. Sumir lesblindir mæta alltaf of seint á stefnumót og skila verkefnum of seint af því að þeir áætla of stuttan tíma til að komast á staðinn eða vinna verkið. Þeir gleyma líka dagsetningum og verkefnum og standa því ekki við það sem þeir hafa lofað sem veldur sárindum og stundum reiði hjá öðrum.
- Muna eigin stundatöflu, t.d. hvenær kennslustund byrjar og hvaða fag er verið að kenna og í hvaða stofu. Þess vegna eru allar raskanir á stundatöflu lesblindum erfiðar, t.d. vegna sérstakra funda og ef þeir þurfa að skipta oft um stofu yfir daginn.
- Nota dagbók með dagatali. Margir lesblindir mæta of seint eða gleyma stefnumótum eða mæta á röngum degi eða í rangri viku.

Skipulagning á umhverfi – halda því í röð og reglu

Margir lesblindir eiga mjög erfitt með að skipuleggja umhverfi sitt. Þeir hafa tilhneigingu til að safna hlutum í hauga í staðinn fyrir að finna stað fyrir hvern hlut. Það er eins og að ef þeir sjái ekki hlutinn (vegna þess að hann er inni í skáp) þá viti þeir ekki hvar hann er.

- Herbergi þeirra og allt persónulegt svæði er oft mjög óskipulegt og allt í óreiðu t.d. skrifborðið, skólataskan, bíllinn, skrifstofan, fataskáparnir.
- Lesblindir eiga oft erfitt með að skipuleggja skrifstofu sína eða vinnusvæði.
- Vegna eigin óreiðu þá týna lesblindir oft hlutum, t.d. bókum, fötum, skóm, farsímum, geisladiskum, úrum.
- Á fundum eru lesblindir oft ekki með réttu hlutina með sér. Þegar þeir eru að vinna heimavinnu þá vantar þá oft hluti af vinnustað eða skóla sem þeir hafa ekki passað að taka með sér heim. .